

Samfélagsfræði

Reynsluheimur:

Umhverfi, samfélag, saga, menning: hæfni nemanda til að skilja veruleikann

1. bekkur

- að nemandi
- læri að varast hættur í umhverfi og á heimili sínu
- geti borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýnt umhyggju og sáttfýsi
- geti áttað sig á því að hann er hluti af stærra samfélagi

2. bekkur

- að nemandi
- geti áttað sig á því að hann er hluti af stærra samfélagi
- geti sagt frá helstu hátíðum og siðum í kristni.
- fái innsýn í lifnaðarhætti fyrri kynslóða

3. bekkur

- að nemandi
- geti lýst því hvernig orð og athafnir hafi afleiðingar
- geti áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- geti sagt frá dæmum hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á það hvernig fólk lifir
- getir sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast Íslandi og nær samfélaginu
- geti áttað sig á mikilvægi fjölskyldu og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna

4. bekkur

- að nemandi
- geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast Íslandi og nær samfélaginu
- geti bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- geti bent á að dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum
- geti bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins
- geti nefnt nokkur dæmi sem hafa áhrif á mannlífið í tímanna rás, t.d. umhverfi og skipulag samfélags

5. bekkur:

- að nemandi
- geti gert grein fyrir umhverfi, sögu og menningu heimabyggðar.
- geti gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- geti gert grein fyrir helstu atriðum kristni ásamt helstu trúarbrögðum heims, táknum þeirra, siðum og hefðum.
- geti notað kort, stöðluð tákni og gröf til að afla sér upplýsinga.
- geti fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.

6. bekkur

- geti gert grein fyrir einkennum, stöðu og samstarfi Norðurlandanna.
- geti áttá sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði manna.
- geti gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis.
- geti lýst myndun og þróun íslensks þjóðfélags og dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum þess.
- geti gert sér grein fyrir áhrifum trúarbragða á líf og samskipti fólks.
- geti rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- geti lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta og hlutverkum nokkurra stofnanna samfélagsins.

7. bekkur:

Að nemandi

- geti gert grein fyrir legu Evrópu, landsháttum, sögu og menningu og tengslum hennar við aðra heimshluta.
- geti dregið upp mynd af nokkrum völdum þáttum úr menningar og félagsþáttum íslensks samfélags á miðöldum og geti tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.
- geti átti sig á ferðum landkönnuða á miðöldum og ýmisum samfélagsbreytingum sem komu í kjölfar þeirra.
- geti lýst margbreytileika helstu trúar og lífsviðhorfa og áhrifa þeirra á fólk og borið þau saman.
- geti sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, s.s. kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- geti aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.

Hugarheimur:

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

1. bekkur:

- að nemandi
- geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, síðum og venjum.
- geti áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- geti gert sér grein fyrir þörf sinni á að nærast vel

2. bekkur

- að nemandi
- geti gert sér grein fyrir þörf sinni á næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- geti áttað sig á að allir skipta jafn miklu máli í heiminum
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra

3. bekkur

- að nemandi
- geti bent að gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- geti gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð sem hafa áhrif á líf hans og líðan
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra

4. bekkur

- að nemandi
- geti bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann
- geti geti gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- geti sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna

5. bekkur

- að nemandi
- geti tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
- geti metið jákvæð og neikvæð áhrif í umhverfinu á líf sitt og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.

- geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- geti sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.

6. bekkur:

- að nemandi
- geti gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum
- geti lýst sjálfum sér og metið sjálfsmynd sína, út frá nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- geti sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.

7. bekkur

- að nemandi
- geti áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.
- geti lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
- geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- geti sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.

Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

1. bekkur

- að nemandi
- geti sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- geti áttað sig á að athafnir þeirra hafi afleiðingar bæði góðar og slæmar

2. bekkur

- að nemandi
- geti sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- geti áttað sig á að athafnir þeirra hafi afleiðingar bæði góðar og slæmar

3. bekkur

- að nemandi
- geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar og nefnt dæmi um slíkar reglur

- geti rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu
- geti sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi

4. bekkur

- að nemandi
- geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- geti sett sig inn í málefni nærsamfélagsins

5. bekkur

- geti sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- geti rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- geti sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju.

6. bekkur

Að nemandi

- geti tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- geti metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingu á fordæmalausan hátt.
- geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- geti tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.

7. bekkur

- Að nemandi
- geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- geti rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðislegum toga.
- geti nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu .
- geti rætt um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur.
- geti sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóða sáttmálum.

Tillögur að námsefni

1. bekkur

Númi

Komdu og skoðaðu Líkamann

Húsdýrin

Bókin um Tíslu (hvernig er að byrja í grunnskóla)

2. bekkur

Vinir Zippýs

Ísland áður fyrr

Komdu og skoðaðu fjöllin

Komdu og skoðaðu land og þjóð (1-2 bekkur)

3. bekkur

Komdu og skoðaðu Himingeiminn

Komdu og skoðaðu Hringrásir

Komdu og skoðaðu Landnámið

Litlu landnemarnir

Fundur Íslands (skólavefurinn)

Komdu og skoðaðu Landakort

Álfasögur um þakklæti og ??? (lífsleikni)

4. bekkur

Komdu og skoðaðu mannkynið

Komdu og skoðaðu þjóðhætti

Birtan (trúarbrögð og lífsleikni)

Einn dagur þúsund ár

Í öllum bekkjum Ýmsar sögubækur eftir byrjendalæsisfræðinni

Aðrar kennsluhugmyndir :

Afríkan okkar (3- 4. bekk)

Kostuleg kort og gröf (1-2. bekkur)

5. bekkur

Kortabækur, hnattlíkan, landakort, örnefnakort af Skutulsfirði

Land og líf, Landshorna á milli, Ísland - veröld til að njóta

Landnám Íslands, Landnámið, Leifur heppni, Leifur Eiríksson – Á ferð með Leifi heppna, Víkingaöld,

Brauð lífsins, Trúarbrögðin okkar

Samvera, Vinnum saman í skólastofunni, Verum vinir, Verum saman í frímínútunum, Ræðum saman heima. Að ná tökum á tilverunni (LQ)

Hjálpfús (frá Rauðakrossinum), Á ferð á flugi í umferðinni

6. bekkur

Tillögur að námsefni

Kortabækur, hnattlíkan, landakort, Norðurlönd

Landnám Íslands, Landnámið, Leifur heppni, Leifur Eiríksson – Á ferð með Leifi heppna, Víkingaöld, Sögueyjan 1, Sjálfstæði Íslendinga 1

Ljós heimsins, Nýja testamentið, Kristin trú, Búddha, Islam, Hindúatrú, Gyðingdómur

Samvera, Vinnum saman í skólastofunni, Verum vinir, Verum saman í frímínútunum, Ræðum saman heima. Ertu, Að ná tökum á tilverunni (LQ), Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

7. bekkur

Kortabækur, hnattlíkan, landakort, Evrópa

Sögueyjan 2, Sjálfstæði Íslendinga 2, Ein grjóthruga í hafinu, Miðaldafólk á ferð

Upprisan og lífið, Nýja testamentið, Kristin trú, Búddha, Islam, Hindúatrú, Gyðingdómur

Ertu, Að ná tökum á tilverunni (LQ), Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

UNGLINGASTIG

8. bekkur

Reynsluheimur

Að nemendur geti:

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferða
- gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og erlendra áhrifaþátta
- gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum
- gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun
- útskýrt meginþætti gróðurfarar, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði
- greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum

Hugarheimur

Að nemendur geti:

- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats
- gert sér grein fyrir styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar sem mikilvægs þáttar í í heilbrigðri sjálfsvitund
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir velferð og lífi fólks í voða
- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði

Félagsheimur

Að nemendur geti:

- vegið og metið skoðanir og upplýsingar á gagnrýninn hátt
- nýtt sér margvíslega tækni í þekkingaleit og miðlun þeirrar á ábyrgan og gagnrýnin hátt
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga

Grunnlesefni

Landafræði

Um víða veröld – jörðin (2013)

CO2 – loftslagsbreytingar á jörðinni

Kortabók

Saga

Sögueyjan 3.

9. bekkur

Reynsluheimur

Að nemendur geti:

- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferða
- greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum
- áttað sig á undirstöðuatriðum mannvistar og ólíkum lífsháttum og kjörum fólks, m.a. vegna ójafnrar dreifingar náttúruauðlinda og ólíkra þjóðfélagshátta
- ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa og samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni

Hugarheimur

Að nemendur geti:

- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats
- gert sér grein fyrir styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar sem mikilvægs þáttar í í heilbrigðri sjálfsvitund
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir velferð og lífi fólks í voða
- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði

Félagsheimur

Að nemendur geti:

- vegið og metið skoðanir og upplýsingar á gagnrýninn hátt
- nýtt sér margvíslega tækni í þekkingaleit og miðlun þeirrar á ábyrgan og gagnrýnin hátt
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttsýnan hátt
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins

- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess

Grunnlesefni:

Um víða veröld – heimsálfur (2012)

Kortabók

Styrjaldir og kreppa, saga 20. aldar I.

10. bekkur

Reynsluheimur

Að nemendur geti:

- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferða
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og eðli velferðarsamfélagsins
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar
- fjallað á upplýstann hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarháttar
- aflað sér. hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni
- tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði

Hugarheimur

Að nemendur geti:

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs síns og annarra,
- útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklingsins og sjálfsmynd
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- sett sér markmið og framtíðaráætlanir til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum

Félagsheimur

Að nemendur geti

- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu í víðu samhengi og rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar á gagnrýninn hátt
- fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks, í fjölskyldu vinahóp og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar venjur
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almanniheill

Grunnlesefni.

Frelsi og velferð, saga 20. aldar II.

Þjóðfélagsfræði

Annað

Allir eiga rétt (2007)

Kompás – handbók um mannréttindafræðslu